

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. nóvember 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-74/2009:

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 24. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreiðinni A, árgerð 2003 af fyrirtækinu Y. Álitsbeiðandi telur bifreiðina gallaða og gerir þá kröfu að kaupunum verði rift sér verði endurgreiddar kr. 1.200.000 sem hann hafi greitt seljanda og fjórar mánaðargreiðslur kr. 160.000.

### II

#### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá álitsbeiðanda með bréfi, dags. 28. september sl., m.a. að fá í hendur kaupsamning og afsal fyrir bifreiðinni. Í tölvupósti, dags. 30. september kvaðst álitsbeiðandi hvorugt hafa undir höndum, en víst væri að Y hefði verið eigandi og seljandi bifreiðarinnar. Með bréfi, dags. 30. september sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 13. október. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 21. október sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### III

#### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segir að stuttu eftir kaupun, en þau hafi farið fram 6. apríl 2009, hafi hann tekið eftir því að hvorki hiti né minnisstillingar í sætum hefðu virkað. Þegar hann hefði flett upp á „display“ tölvunni hefði komið fram Service Airbag. Þá hefði hann farið með bifreiðina til skoðunar til Z og þar hefði verið fundið út að klippt hefði verið á víra í nema fyrir loftpúðastillingar og hita í sætum. Bifreiðin hefði ekki fengið skoðun í ágúst 2008 vegna þess að rautt ljós hefði logað í mælaborði um það að loftpúðar virkuðu ekki. Hins vegar hefði bifreiðin fengið skoðun í febrúar 2009 þegar búið hafi verið að klippa á viðvörunarljós en það hafi verið gert til þess að fela bilun fyrir skoðun, yrði bifreiðin seld. Þá segir álitsbeiðandi að bakkskynjarar og tvö af fjórum rafmagnstengjum fyrir aukahluti, eins og GPS og kælibox, virki ekki. Álitsbeiðandi segist ekki vita hvort loftpúðarnir í bifreiðinni virki en sé svo geti það verið stórhættulegt.

Álitsbeiðandi segist hafa kvartað við seljanda 3. júlí sl. en ekki kemur skýrt fram hver viðbrögð seljanda voru við kvörtuninni.

Ekki kemur glöggt fram í álitsbeiðni hvert kaupverð bifreiðarinnar var en álitsbeiðandi kveðst gera kröfu til þess að fá endurgreiddar kr. 1.200.000 og fjórar mánaðargreiðslur kr. 160.000 svo sem segir í kröfugerð hans.

Í gögnum málsins kemur fram að álitsbeiðandi fór með bifreiðina í skoðun hjá Z og er reikningur fyrir þá viðgerð dags. 24. júní sl. Þar kemur fram að bifreiðin hafi verið skráð 1. júní 2006 og staða á kílómetramæli sé 45.687. Í texta reikningsins segir m.a.:

„Núna logar airbag ljós, er í display og stendur „service airbag.“

BOO83 Passenger seat position sensor circuit

BOO84 Driver seat position sensor circuit

BOO92 Suppression sensor 1circuit malfunction

Bíll var hérna hjá okkur 19.11.08. Þá voru þessir kóðar inni ásamt fleirum. Þá kom í ljós að klippt hafði verið á vírana og búið að fjarlægja tengi fyrir airbag undir sætum. Þá voru einhverjir vírar tengdir og fóru þá eitthvað af kóðunum. Þetta er ennþá svona. Leggjast þarf yfir þetta og skoða teikningar mjög vel ef það á að tengja þetta, er mikið mál/vesen. Það er ekki hægt að losna við airbag í display í mælaborði. Ekkert hefur verið átt við abs kerfi, er í fínu lagi. Það er ekkert vélarljós í mælaborði, engir kóðar og allt í lagi með það. Vélarljós logar alltaf þar til búið er að setja bílinn í gang, þá á það að hverfa, þá er bíllinn búinn að athuga allan búnað, og ef hann er í lagi þá á vélarljósið og öll önnur ljós að hverfa. Þarf tíma í viðgerð á airbag kerfi, annað er í lagi.“

#### IV

##### Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Samkvæmt opinberri skráningu er seljandi, Y, bílasala og verður því að gera ráð fyrir að starfsemi hennar felist í viðskiptum með bifreiðir annað hvort fyrir eigin hönd eða annarra. Álitsbeiðandi gaf kæruneftndinni þær upplýsingar að Y hafi verið eigandi bifreiðarinnar. Ekki er upplýst að álitsbeiðandi noti bifreiðina í atvinnuskyni. Af þessu leiðir að um kaupin fer eftir lögum nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins leitaði kæruneftndin aðstoðar sérfróðs aðila samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Seljandi hefur ekki neytt réttar síns til þess að andmæla lýsingu og kröfum álitsbeiðanda. Að því er atvik málsins varðar verður kæruneftndin því að byggja á lýsingu álitsbeiðanda.

Enda þótt það sé ekki upplýst verður að gera ráð fyrir að álitsbeiðandi hafi keypt bifreiðina með þeim föstu skilmálum sem teknir eru fram í prentuðu formi fyrir kaupsamning og afsal vegna ökutækjaviðskipta sem hljóðar svo: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 48/2003 segir svo um kaup samkvæmt slíkum skilmálum:

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.

Í b- og c-lið 16. gr. segir að leiði ekki annað af samningi skuli söluhlutur hafa til að bera þá eiginleika sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað og henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita

um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess.

Í 3. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 segir að neytandi geti ekki borið fyrir sig neitt sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í álitsbeiðni kemur fram að stuttu eftir kaup á bifreiðinni hafi álitsbeiðandi orðið var við þá galla sem hann segir vera á henni. Samkvæmt lýsingu álitsbeiðanda á þeim göllum sem hann segir vera á bifreiðinni er ekki hægt að gera ráð fyrir að þeir hafi komið í ljós við venjulega skoðun kaupanda á bifreið. Kærunefndin álitur að samkvæmt gögnum verði að byggja á því að bifreiðin sé haldin göllum sem hafi verið til staðar og leynst álitsbeiðanda þegar hann festi kaup á henni. Seljandi verður því að bera ábyrgð á þessum göllum hvort heldur hann vissi um þá eða ekki.

Þegar söluhlutur er gallaður í skilningi laga nr. 48/2003 getur neytandi samkvæmt 26. gr. laganna:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr.;
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.;

Álitsbeiðandi krefst riftunar á bifreiðakaupunum. Í 32. gr. laga nr. 48/2003 er kveðið á um það að í stað afsláttar samkvæmt 31. gr. geti neytandi rift kaupunum nema galli sé óverulegur sem þýðir það að um umtalsverðan galla verður að vera að ræða svo að riftun sé heimil. Kærunefndin lítur svo á að sá galli sem á bifreið álitsbeiðanda er sé ekki umtalsverður í skilningi framangreindrar lagagreinar. Hann er tvímælalaust hægt að laga eins og fram kemur í skoðunarskýrslu Y sem rakin er hér að framan. Kærunefndin lítur hins vegar svo á að álitsbeiðandi eigi rétt að skaðabótum sem svari kostnaði við að bæta úr göllum. Bótafjárhæðin verður hins vegar ekki metin öðru vísi en að álitum og álitum kærunefndin hana hæfilega metna kr. 150.000.

## V

### Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 150.000.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir